

17. febrúar 1972.

5

Nr. 4.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,  
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. febrúar 1972 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 81/1970:

### 1. gr.

56. gr. breytist sem hér segir:

#### Liður b. 3:

Önnur setning 1. mgr.: „Að jafnaði skulu 2—5 prófessorsembætti heyra til hverri skor“, falli brott.

Skorir eru sex:

1. Stærðfræðiskor.
2. Eðlisfræðiskor.
3. Efnafræðiskor.
4. Verkfræðiskor.
5. Líffræðiskor.
6. Jarðfræðiskor.

#### Liður b. 6:

Boða skal til almenns kennarafundar í deildinni a. m. k. einu sinni á misseri, og stýrir deildarforseti fundi.

#### Liður f.:

Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Nám til B.S.-prófs í öðrum greinum raunvísinda miðast við þrjú ár og próf í lok hvers misseris. Fullnaðarpróf er fólgið í sex misserisprófum.

Í stað 3. mgr. komi ný málsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:

Til B.S.-prófa í raungreinum öðrum en verkfræði er krafizt minnst 90 námsein- inga, þar af minnst 45 e. í einni námsgrein eða minnst 30 e. í tveimur námsgreinum. Samval greina er háð samþykki deildarinnar. Heimilt er að velja einstakar prófgreindir í öðrum deildum háskólans, ef hlutaðeigandi deild og verkfræði- og raunvísindadeild eru því samþykkar.

Í stað orðanna „Almennu prófi (B.S.-prófi) í verkfræði“ í upphafi 5. mgr. (sem verður 6. mgr.) komi:

B.S.-prófi í verkfræði .....

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 17. febrúar 1972.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*